

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Hæðargarður 34

Tími: 18. mars 2010, kl. 20.00 – 22.30

Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður

Frá Gilbraut: Sveinn Baldursson (SBa)

Frá Heiðarbraut: Sveinn Björnsson (SBj)

Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);

Forföll:

Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Lýst eftir athugasemdum við fundargerðina sem hefur verið send stjórnarmönnum. Athugasemdir skráðar – ef einhverjar eru og fundargerðin síðan undirrituð. (Umsj. SBa)**
 - 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. KK)**
 - 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)**
 - 4) Skýrsla um ástand stofnbrauta, vegslóða og girðinga á Fellsmörk**
 - HS greinir frá fundi með formanni og framkvæmdastjóra SR - 5. mars 2010
 - HE greinir frá síðasta stjórnarfundum SR og skoðunarferð austur á Fellsmörk með formanni og framkvæmdastjóra SR - 12. mars 2010
 - 5) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2009-2010 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)**
 - 6) Nýir leigusamningar við SR. Farið yfir það sem gerst hefur frá síðasta stjórnarfundum (Umsj. HS)**
 - 7) Önnur mál (Allir)**
-

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt af fundarmönnum.
2. Fjárhagsstaða félagsins: Gjaldkeri fjarverandi.
3. Fréttir af stjórnarstörfum SR: Sjá greinargerð HE í lið 4.

4. Ástandsskýrsla:

Greinargerð HS: HS hitti formann og framkvæmdastjóra SR þann 5. mars 2010 og kynnti þeim ástandsskýrsluna. Hjá formanni SR kom það skýrt fram að ástandið þyrfti að laga. Fá þyrfti verkfræðing að málinu og gera kostnaðaráætlun.

Greinargerð HE: Ástandsskýrslunni var dreift á stjórnarfundum SR. Formaður SR kvað þá bera ábyrgð á þessu og það væri í þeirra höndum að lagfæra ástandið. Farið var austur í Fellsmörk daginn eftir í vettvangskönnun. Hjá formanni SR kom það fram að þeir ætla að klára þetta þannig að það þurfi ekki að gera eitthvað aftur eftir tvö ár eða svo.

HE kynnti lausnir SR á málinu. Öllum fundarmönnum leist vel á þær nema Hlíðarbrautarlausnina, þar sem hún felur í sér stofnbraut gegnum

Hlíðarbrautarlöndin.

Fundarmenn framkvæmdu eftirfarandi greiningu á kostum og göllum á tillögum SR ásamt tillögum og ábendingum.

Umfjöllun stjórnar FLÁF um leið SR að varanlegri veglagningu	
Austursvæði Fellsmerkur:	
Kostir	Gallar
Varanleg lausn	Ákveðinir landnemar missa hluta af löndum sínum, lönd skemmast
Viðahaldslítill og sparar þar með fjármuni	Landeyðing mun halda áfram því ekki stendur til að endurgera varnargarðinn
Ekki mjög dýr leið	Óásættanleg lausn fyrir Hlíðarbraut
	Er ekki varanleg lausn að öllu leyti því áin mun hugsanlega naga veginn neðan við Hlíðarbraut nr. 1
	Áin mun halda áfram að eyða trjágróðri ef ekki verður gert við varnargarðinn
	Áframhaldandi landbrot í landi Álftagrófar ef ekki verður gert við varnargarðinn
	Með veglagningunni er verið að leggja stofnbraut í gegnum lönd ákveðinna landnema en slíks eru ekki dæmi á Fellsmörk
	Ekki ljóst að um varanlega lausn sé að ræða
	Ákveðin uppgjöf gagnvart náttúruöflunum
	Töpum trjám
	Það er ekki góð verkfræði að skoða einungis eina lausn. Bætt er að stilla upp valkostum og meta kosti og galla hvers valkosta
Tillögur / Ábendingar stjórnar FLÁF:	
Kynna verður lausn SR fyrir landnemunum við Hlíðarbraut sem fyrst og mun Einar Ragnar gera það sem fulltrúi sinnar brautar	
Gera við varnargarðinn næst Króknum og hafa vegstæðið neðar. Viðhalda varnargarðinum reglulega. Þessi lausn myndi vera óásættanleg fyrir Hlíðarbraut. Skerðir lönd landnema minnst.	
Að fleiri lausnir verði skoðaðar af alvöru	

Vestursvæði Fellsmerkur:	
Kostir	Gallar
Varanleg lausn	Vegur liggur mjög nálægt löndum við Hólsbraut
Lítill skerðing á skógræktarlandi	Beygjan neðst við Heiðarbraut verður áfram vandamál
Leiðir til þess að hægt verður að keyra að löndum neðst við Hólsbraut en það hefur hingað til ekki verið hægt	Ef varnargarðurinn verður ekki gerður þá verður viðvarandi vandamál milli á kaflanum milli Heiðarbrautar og Gilbrautar
Fallegra vegstæði en það gamla	
Tillögur / Ábendingar stjórnar FLÁF:	
Varnargarð við Einbúa verður að gera	

5. Verkefnalisti: Ekki farið yfir sérstaklega.
6. Nýir leigusamningar við SR: Ekkert nýtt gerst. Samningstillaga liggur hjá SR.
7. Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið um 22.30.

Fundargerðina ritaði Sveinn Baldursson.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: